

Vikan 31.08. - 04.09.26 Alla daga ætlum við að spjalla um dagana - mánuðina - syngja				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Leikfimi og enska		Lesa Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.	Lesa Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.	Söngstund
	Spænska			Lesa Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
	Lesa Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.	Lesskilningur í tengslum við heimalesturinn Hundakúnstir Hæfniviðmið Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.	Lesrún Bls. 2 – 3 Lesskilningur Hæfniviðmið Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða. Teikna leðurblöku eða ...	Skrifa þrennt sem þau eru þakklát fyrir í þakklætisbók Hæfniviðmið Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig. Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.
Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
Lesa Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri. Ritrún bls. 6-7 Hæfniviðmið Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	Sund 10:15	Textílmennt eða sjónmennt	Þema um tré Hæfniviðmið Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu. Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.	Tölvur – ritvinnsla 1/2 hálfur bekkurinn Hæfniviðmið Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð. Evolytes 1/2 bekkurinn
Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
Skrift 8 - 9 Hæfniviðmið Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega Sproti klára kafla 1 Hæfniviðmið Safnar gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt. Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. Les úr einföldum myndritum.	Sproti Samhverfa bls. 123 og bls. 125 Hæfniviðmið Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.	Sproti 3 a samhverfa bls. 126 - 128 Hæfniviðmið Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.	Heimilisfræði og tónmennt	Samlestur, kórlestur í heimalestrarbók Hæfniviðmið Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, Leikfimi

Vinnulisti

1. Bekkjarkvöld
2. Námskrárvinna - með Sóley - klára
3. Kennsluáætlanir fyrir allt árið
stærðfræði eftir áramót
íslenska haust- og vorönn
náttúrufræði haust- og vorönn
samfélagsgreinar haust- og vorönn
upplýsingatækni haust- og vorönn
4. Dagskipulag til að setja á vegg
5. Lesa vegvísir og persónuverndarstefnuna
6. Skoða hvort að það séu allir inni á skólagáttinni

Hæfniviðmið á haustönn

Talað mál, hlustun og áhorf

Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.

Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.

Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.

Lestur og lesskilningur

Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila, þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.

Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.

Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.

Bókmenntir

Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,

Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni,

Ritun

Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.

Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.

Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.

Mál og málnotkun

Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða

Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.

Stærðfærði

Vinnulag stærðfræðinnar

Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir. Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákni og nýtir þau rétt við útreikninga.

Tölur og reikningur

Raðar náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð. Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum. Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna. Notar grunnreikniaðgerðir til að finna lausn á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.

Algebra

Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. Reiknar með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum. Notar rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknar og staðsetur punkta í hnitakerfi.

Tölfræði og líkindi

Safnar gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt. Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. Les úr einföldum myndritum.

Rúmfræði og mælingar

Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu. Velur viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkir tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis. Les og notar mismunandi framsetningu á tíma, notar skífuklukku og stafræna klukku og les tímatöflur. Ber kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga.

Náttúrugreinar

Vinnulag náttúruvísinda

Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu. Kynnir niðurstöður einfaldra athugana og tekur þátt í umræðu um efnið. Les einfaldan náttúruvísindatexta og endursegir helstu atriði með eigin orðum, skoðar einfaldar myndir og segir frá efninu. Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.

Umhverfið

Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu. Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.

Orkan

Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu. Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi.

Vinnulag samfélagsgreina

Geti spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.

Samfélagsgreinar

Sjálfsmynd

Geta bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina.
Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
Geta fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.
Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
Geta sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.

Siðferði og trú

Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

Borgarvitund

Geta áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.
Geta rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.

Saga

Geta sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.

Jörðin okkar

Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

Upplýsinga og miðlalæsi

Geta nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju.
Geta þekkt að höfundaréttur gildir um fjölbreytt efni og unnið með heimildir á einfaldan hátt.
Geta greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap.

Sköpun og miðlun

Geta nýtt hugbúnað við gerð einfaldra kynninga.
Geta tekið ljósmyndir og stutt myndskreið.
Geta nýtt tæki og hugbúnað við myndsköpun.

Stafræn borgaravitund

Geta beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan.
Geta gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.
Geta þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Lausnaleit

Nemandi getur gert sér grein fyrir því að í sumum hugbúnaði þarf að vista gögn til að varðveita vinnuna